

Val í 8. – 10. bekk

Nemendur í 8.-10. bekk skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri.

Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. **Valið er um tvö mismunandi námskeið**; annað kennt á **þriðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 7 til 8 vikur. Að þessu sinni velja nemendur námskeið fyrir 3. Tímabil sem nær fram í mars / apríl.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálsum vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Þar að auki má meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi. Þetta fellur undir svokallað **utanskólaval**. Nemendur hafa þá frjálssar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið.

Þegar búið er að raða í valhópa og upplýsingar komnar um hvaða nemendur hafa valið utanskólaval fá foreldrar & forsjáraðilar póst þar sem þeir eru upplýstir um að börn þeirra eru í utanskólavali viðkomandi tímabil.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Nemendur í 9.- 10.bekk ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

Í þetta sinn velja nemendur fyrir 3. tímabil

Tímabil 3

27. janúar – 7. apríl

Þriðjudagsval 13.50 – 15.10
Skólahreysti (AEÁ)
Skák (SG)
Endurhönnun – frá flík til tösku (EK)
Framandi matreiðsla og bakstur (IGJ)
Frístund (ÞK)
Golf og píla (FBM)
Glervinna
Utanskólaval (sjá skýringar)

22. janúar – 19. mars

Fimmtudagsval 13.50 – 15.10
Skólahreysti (KPV)
Framandi matreiðsla og bakstur (HJG)
Meistaraverk í nýju ljósi – frá stíl til striga (KH)
Grunnatriði í teikningu (HE)
Brasað í smíðastofunni (SHS)
Vinnutími með áherslu á stærðfræði
Frístund (ÞK)
Nemendaráð (BB)
Utanskólaval (sjá skýringar)

Tímabil 1

Þriðjudagsval

27. janúar – 7. apríl

kl. 13.50 – 15.10

Skólahreysti

Í Skólahreystivali fer fram undirbúningur fyrir þátttöku í Skólahreysti. Nemendur í 8. – 10. bekk geta valið námskeiðið en aðeins þeir sem eru í 9. og 10. bekk geta tekið þátt í keppninni.

Undirbúningur felst í æfingum í þeim greinum sem er keppt í og auk þess styrktarþjálfun. Valið er bæði á þriðjudögum og fimmtudögum og í lok tímabilsins verður keppnisliðið valið. Þeir nemendur halda svo áfram þjálfun fram að keppninni sem er haldin seinnipartinn í apríl.

Námsmat: Virkni í tímum

Tími: kl. 14.00 – 15.00

Umsjón: Adam Eiður Ásgeirsson /
Kristófer Páll Viðarsson
Staður: Austur, Lyngási



Skák

Lýsing

Hér verður teflt og teflt. Stefnt er að því að fá skákfróða gesti í heimsókn til að leiðbeina nemendum svo þeir verði ennþá betri í skák.

Markmið

- Að nemandur njóti þess að tefla.
- Að efla færni og þekkingu nemenda í að tefla.
- Að nemandur læri að keppa í skák og læri þær reglur sem gilda í slíkum keppnum



Mat

Þátttaka nemenda og virkni nemenda er metin auk hæfniviðmiða sem við eiga.

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Stofa 26

Endurhönnun – frá flík til tösku

Hönnun og saumur á tösku úr endurnýttum fatnaði (Upcycling). Nemendur hanna og sauma sína eigin tösku og nýtum við í það fatnað sem hefur lokið tilgangi sínum sem slíkur. Nemendur koma með gamlar flíkur t.d. gallabuxur, leðurjakka eða strigafrakka og búa til snið og endurnýta þannig efniviðinn í nýja hluti.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni nemenda metin

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



Glervinna

Hönnun muna úr gleri er áhugaverður möguleiki sem gaman er að gera tilraunir með.

Í þessu vali læra nemendur að vinna með gler. Skera einfalt gler sem sett er í mót og síðan brennt í glerbrennsluofni.

Nemendur fá þekkingu í tækni sem notuð er við að búa til glermuni. Hanna glermyndir, smáhluti og bakka sem þau skreyta svo með glerlitum.

Markmið: Námskeiðið fellur undir markmið aðalnámskrár um að nemandi geti valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir með fjölbreyttum aðferðum og tækni.



Námsmat: Leiðsagnarmat sem samanstendur af kennara- og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa



Framandi matreiðsla og bakstur

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist matreiðslu og hráefnum annarra landa.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir og

Irma Gná Jakobsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa



Golf og píla

Þátttakendur taka æfingar í golfhermi og auk þess verða æfingar í pílu.

Námsmat: Metin er þátttaka og virkni í tímum.

Umsjón: Friðrik Bjartur Magnússon

Staður: Kaupvangur 2 (Gamla

Landstólpahúsið)



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk.

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



Utanskólalaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólalaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólalalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólalaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólalali.

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólalaval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi.
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Tímabil 3

Fimmtudagsval

22. janúar – 19. mars

kl. 13.50 – 15.10

Skólahreysti

Í Skólahreystivali fer fram undirbúningur fyrir þátttöku í Skólahreysti. Nemendur í 8. – 10. bekk geta valið námskeiðið en aðeins þeir sem eru í 9. og 10. bekk geta tekið þátt í keppninni.

Undirbúningur felst í æfingum í þeim greinum sem er keppt í og auk þess styrktarþjálfun. Valið er bæði á þriðjudögum og fimmtudögum og í lok tímabilsins verður keppnisliðið valið. Þeir nemendur halda svo áfram þjálfun fram að keppninni sem er haldin seinnipartinn í apríl.

Námsmat: Virkni í tímum

Tími: kl. 14.00 – 15.00

Umsjón: **Adam Eiður Ásgeirsson** /
Kristófer Páll Viðarsson

Staður: Austur, Lyngási



Framandi matreiðsla og bakstur

Fjölbreyttur og spennandi valáfangi þar sem fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklega kennslu.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist matreiðslu og hráefnum annarra landa.
- Tileinki sér hreinlæti og góð vinnubrögð.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu með öðrum.
- Auki áhuga sinn fyrir matargerð og bakstri.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir** og
Irma Gná Jakobsdóttir
Staður: Heimilisfræðistofa



Teikning / málun

Kennd eru mikilvæg grunnatriði í teikningu fyrir málun

Markmið

Nemendur þjálfast í athugun og í sjónrænni greiningu (horfa og sjá), að nota mismunandi teikniaðferðir, þeir sýna ferli, sjálfstæð vinnubrögð og hugmyndavinnu. Verkefni eru góður undirbúningur fyrir fjölmiðla- og listnám og list sem áhugamál.

Lýsing


Að verða góður teiknari, umræður hafðar um hvað er „góð“ teikning? Að þora að prófa er markmiðið. Mikilvægasta færnin af öllu er að þora að teikna rangt og bæta sig. Mistök eru leyfð og gagnleg. Góð hvatning til framfara er að nota skissubók fyrir daglegar teikningar til undirbúnings fyrir máluð verk.

Í boði verða nokkur verkefni. Athugunarteikning (observation drawing) ekki teikna úr höfði, nemendur teikna eftir fyrirmynd einfalda -flóknari hluti t.d. eigin skó og æfa sig í að *sjá*, ekki giska heldur mæla hlutföll t.d. með blýanti. Rými og fjarvidd 3D, nemendur teikna rými til að ná tökum á dýpt og fjarvidd. Ljós og skuggi, nemendur vinna teikningar áfram í tónskölum með mjúkum blýöntum, kol, akrýl, bleki eða vatnslitum.

Námsmat Leiðsagnarmat sem samanstendur af kennara- og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Stofa 21



Frístund



Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þátttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli

Meistaraverk í nýju ljósi – frá stíl til striga



Markmið:

- Að nemandi fræðist um listasöguna, nokkra íslenska og erlenda listamenn, verk þeirra og tækni.
- Að nemandi geti hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Að nemandi læri að gagnrýna af sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.

Viðfangsefni:

Nemendur fá kynningu á mismunandi listastefnum og listamönnum. Nemendur fræðast um listasöguna, velja sér listastefnu og listamann og mála viðfangsefni í anda þeirra. Áhersla verður lögð á mismunandi notkun efna og áhaldna og að nemendur æfi litablöndun og tækni enn frekar.

Námsmat: Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemanda.

Kennari: Kristín Hlíðkvist Skúladóttir

Staður: Myndmenntastofa

Brasað í smíðastofunni

Nemendur ákveða sjálfir hvað þeir vilja smíða, í samráði við kennara, undirbúa verkefnið og gera teikningar.

Reiknað er með að hægt verði að smíða einn lítinn eða meðalstóran hlut (bretti, box, blaðahillu, koll eða annað sem fólki dettur í hug).

Námsmat: Metið út frá hæfniviðmiðum og virkni í tímum.

Kennari: Sigurður Högni Sigurðsson

Staður: Smíðastofan




Vinnutími – með áherslu á stærðfræði

Vinnutími með áherslu á stærðfræði. Hægt verður að fá aðstoð við að ljúka áætlun eða frekari úrskýringar á efni vikunnar. Einnig væri hægt að vinna í öðrum fögum (sjálfstætt).

Námsmat: Metið út frá mætingu og nýtingu á tíma

Kennari: Guðrún Hlíðkvist
Staður: Stofa 24



Nemendaráð

Þeir sem **eru í Nemendaráði** merkja við það á valblaðinu.

Valið gildir til vors og þeir sem sitja í nemendaráði velja því ekki annað val á fimmtudögum.

Ekki eru teknir inn nýir meðlimir í Nemendaráð.

Verkefni nemendaráðs snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi. Hluti af valinu fer fram í kringum stærri viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar.

Fundartími nemendaráðs er í val tímum.

Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

- ✓ Koma með tillögur að og aðstoða við að gera nemendarymin notaleg.
- ✓ Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....
- ✓ Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi



Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar & forsjáraðilar munu fá póst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta utanskólaval barnsins þegar liggur fyrir hverjir hafa óskað eftir utanskólavali.

Hvað	Ef ég æfi íþróttir eða annað í ...	...get ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil